

Sveitarfélagið Vogar
Skipulags- og byggingarfulltrúi
Iðndalur 2
190 Vogar

Garðabær, 14. mars 2024
Málsnúmer: 202402-0008
IAS

Efni: Vogar, íbúðasvæði austan byggðar, tillaga að deiliskipulagi.

Vísað er í erindi frá skipulags- og byggingarfulltrúa Voga í gegnum skipulagsgátt, dags. 2. febrúar 2024, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu að deiliskipulagi fyrir íbúðasvæði austan byggðar í Vogum.

Sveitarfélagið Vogar vinnur að gerð deiliskipulags sem nær yfir um 20 ha íbúðasvæði sem er staðsett sunnan Vogavegar og austan núverandi byggðar í þéttbýlinu í Vogum.

Náttúrufræðistofnun hefur komið með ábendingar og athugasemdir á fyrri stigum málsins og er hér vísað í þær umsagnir auk eftirfarandi athugasemda.

Fram kemur í greinargerð með deiliskipulaginu að skipulagssvæðið sé að hluta til á hrauni, sem er ekki rétt þar sem skipulagssvæðið er alfarið á nútímahrauni (Þráinsskjaldarhrauni) sem nýtur verndar samkvæmt 61. gr. laga um náttúruvernd (lög nr. 60/2013). Því er jákvætt að í skipulaginu segi að reyna skuli eins og kostur er að leyfa klöppum og sérstæðum hraunmyndunum að halda sér innan lóða og á grænum svæðum innan hverfisins.

Ekkert er minnst á yfirstandandi jarðskjálfta og eldgos á Reykjanesskaga en í ljósi þess að Sveitarfélagið Vogar er allt á nútímahraunum er ekki hægt að útiloka að hraun renni þangað í framtíðinni. Því er æskilegt að við skipulag byggðar, sérstaklega þegar byggðin er að færast innar á Reykjanesskagann og nær gossprungum og virkum jarðskjálfta sprungum, sé gert hættumat sem taki til jarðskjálfta og eldgosá.

Virðingarfyllst,

Ingvar Atli Sigurðsson

Ingvar Atli Sigurðsson
jarðfræðingur

